



Út við ysta sæ

- Ferðapjónusta á Skagaströnd og nágrenni -

Jón Þór Bjarnason

Staðfesting lokaverkefnis
til BA gráðu í ferðamálafræði

Út við ysta sæ – Ferðapjónusta á Skagaströnd og nágrenni
Lokaverkefnið: _____

Jón Þór Bjarnason, 050161-7499
eftir: _____

hefur verið metið samkvæmt reglum og kröfum Hólaskóla - Háskólans á Hólum

og hefur hlotið lokaeinkunnina : _____

Hólum, 8. maí, 2007

deildarstjóri

leiðbeinandi

Skóli:	Hólaskóli – Háskólinn á Hólum
Deild:	Ferðamáladeild
Fag:	BA-Lokaverkefni
Heiti verkefnis:	Út við ysta sæ – ferðaþjónusta á Skagaströnd og nágrenni
Verktími:	Febrúar til maí 2007
Nemandi:	Jón Þór Bjarnason
Leiðbeinandi:	Guðrún Þóra Gunnarsdóttir
Upplag:	8 innbundin, 1 rafrænt
Blaðsíðufjöldi:	49 blaðsíður
Fjöldi viðauka:	1
Hólar í Hjaltadal:	8. maí 2007
Útgáfu- og notkunarréttur:	Verkefnið er opið

Abstract

This project is a B.A. thesis at the Rural Tourism Department at Hólar University College. The study explores the tourism industry and its opportunities in a small fishing village called Skagaströnd. Interviews were conducted with a dozen of people, both outside tourism experts and people who are directly involved in tourism in the village.

Skagaströnd has a strong image associated with it but the results indicate a weak tourism industry. Tourism companies are few and small, but the area offers a great variety of opportunities. More cooperation is needed and more focused utilization of local resources in terms of nature and culture is needed. Based on those results, various recommendations are made of potential projects.

The results of the research could be used for policymaking and future development of the tourism industry in Skagaströnd and its vicinity.

Keywords:

Skagaströnd

Tourism

Destinations

Cooperation

Resources

Útdráttur

Ritgerðin er lokaverkefni í ferðamálafræði við Hólaskóla – Háskólann á Hólum og fjallar um möguleika Skagastrandar og nágrennis í ferðaþjónustu. Verkefnið var unnið á tímabilinu febrúar til maí 2007. Gerð var úttekt á þeirri þjónustu og afþreyingu sem er til staðar í dag á vestanverðum Skaga, kannaðar voru heimildir um náttúru, sögu og menningu, og auk þess fjallað um eðli og þróun ferðaþjónustu, bæði á Íslandi og í víðara samhengi. Tekin voru viðtöl við rúman tug einstaklinga, sem annaðhvort tengjast ferðaþjónustu á svæðinu eða hafa sérþekkingu á ákveðnum afmörkuðum sviðum, þ.m.t. ferðamálum.

Rannsóknin leiðir í ljós frekar veika stöðu ferðaþjónustu á Skagaströnd, sem þó hefur það umfram mörg sjávarpláss að hafa skýra ímynd. Fyrirtæki í ferðaþjónustu á svæðinu eru fá og smá, en möguleikar til góðra verka eru allmargir, m.a. með auknu samstarfi. Sóknarfæri felast einnig í að nýta betur þær auðlindir sem er að finna á vestanverðum Skaga, t.d. í náttúru, dýralífi, menningu og sögu, sem og í mannauði. Tillögur eru gerðar út frá niðurstöðum rannsóknar um nokkra valkosti í uppbyggingu á ferðaþjónustu og að hverju þurfi að hyggja í því sambandi.

Niðurstöður rannsóknarinnar geta nýst sem grundvöllur að stefnumótun og frekari uppbyggingu ferðaþjónustu á Skagaströnd.

Lykilorð:

Skagaströnd

Ferðaþjónusta

Áfangastaðir

Samstarf

Auðlindir

Þakkarorð

Höfundur þakkar leiðbeinanda sínum, Guðrúnu Þóru Gunnarsdóttur, deildarstjóra Ferðamáladeildar Hólaskóla – Háskólans á Hólum, fyrir ómetanlega aðstoð og dyggan stuðning við vinnslu þessa lokaverkefnis. Guðrún Helgadóttir kennari við Hólaskóla og umsjónarmaður BA-verkefna fær bestu þakkir fyrir þolinmæði og faglega leiðsögn.

Sérstakar þakkir eru færðar Magnúsi B. Jónssyni, sveitarstjóra á Skagaströnd, fyrir sinn tíma og þann áhuga sem hann sýndi verkefninu, en auk hans eru nefndarmönnum Atvinnu- og ferðamálanefndar Höfðahrepps færðar þakkir fyrir frumkvæði að því að láta vinna verkið. Starfsstúlkur á skrifstofu Höfðahrepps fá bestu þakkir fyrir veitta aðstoð.

Viðmælendunum ellefu eru færðar bestu þakkir fyrir þolinmæði og traust og gott viðmót í viðtölum. Starfsfólk og kennarar Hólaskóla fá þakkir fyrir fína fræðslu og fagmennsku í ferðamálanámi höfundar síðustu þrjú árin, sem lagði góðan grunn að vinnslu þessa verkefnis. Að lokum er fjölskyldu höfundar þakkað sérstaklega: “Elskurnar mínar, mér hefði aldrei tekist þetta án stuðnings ykkar og ómældrar tillitssemi meðan á verkefnavinnunni stóð!”

Efnisyfirlit

1	Inngangur	8
2	Ferðafræði	9
2.1	Eðli og þróun í ferðaþjónustu	9
2.2	Áfangastaðir og markaðssetning.....	11
2.3	Ferðaþjónusta á Íslandi	13
3	Skagaströnd og vestanverður Skagi	16
3.1	Landfræðileg afmörkun og einkenni.....	16
3.2	Silungsveiði	17
3.3	Fuglaskoðun	17
3.4	Gönguleiðir.....	17
3.5	Byggðáþróun og saga.....	18
3.6	Samgöngur.....	20
3.7	Kántrý.....	20
3.8	Áhugaverðir staðir	21
4	Ferðaþjónusta á Skagaströnd	24
4.1	Ferðaþjónustufyrirtæki á Skagaströnd	24
4.2	Önnur þjónusta	25
4.3	Önnur ferðaþjónusta á vestanverðum Skaga	25
4.4	Afþreying	25
5	Rannsóknaraðferð	27
5.1	Gagnaöflun	27
5.2	Viðtöl, viðmælendur og aðferðir	28
6	Greining og mat	29
7	Niðurstöður	39
8	Lokaorð	41
9	Heimildaskrá	42
10	Munnlegar heimildir	47
11	Viðauki 1 - Kort af Skaga	48

1 Inngangur

Tilurð þessa verkefnis var með þeim hætti að Halldór G. Ólafsson, formaður Atvinnu- og ferðamálanefndar Höfðahrepps á Skagaströnd, hafði samband við Guðrúnu Þóru Gunnarsdóttir, deildarstjóra Ferðamáladeildar Hólaskóla, og lýsti yfir áhuga á því að fá unnið verkefni um tækifæri Skagastrandar í ferðaþjónustu. Guðrún leitaði til höfundar, sem tók strax vel í hugmyndina sem lokaverkefni í ferðamálanámi sínu við Hólaskóla. Höfundur þekkti lítillaga til Skagastrandar og vesturhluta Skaga, og átti auk þess hæg heimatök með ýmsa efnisöflun vegna nálægðar við staðinn, en höfundur er búsettur á Sauðárkróki.

Markmið verkefnisins var að kanna umfang og eðli þeirrar ferðaþjónustu sem til staðar er á svæðinu, taka viðtöl við lykilaðila og leita álits heimamanna og annarra sem þekkja svæðið og ferðaþjónustu þar. Strax í upphafi var ákveðið að afmarka svæðið ekki við Skagaströnd, heldur líta á allan vestanverðan Skaga sem rannsóknarvettvang. Rannsakaðar voru heimildir um náttúru, menningu og sögu á vestanverðum Skaga. Verkefnið var unnið þannig að það myndi nýttast sveitarfélaginu og ferðaþjónustuaðilum á svæðinu við frekari mótun stefnu í ferðaþjónustumálum.

Heiti verkefnisins, Út við ysta sæ, vísar í texta eftir Hallbjörn Hjartarson. Skagaströnd er að sjálfsögðu ekki út við ysta sæ, en svæðið sem unnið er með teygir sig út allan Skaga, alveg út að ysta sæ. Heitið hefur þannig tilvísun í Hallbjörn og kántrý-ímyndina, Skagaströnd og landfræðilega afmörkun, auk þess að geta falið í sér myndlíkingar um tengsl við sjó, sjávarþorp, gömul og ný, sólsetur í hafi, kyrrð eða öldugjálfur í fjöruborði.

Helstu rannsóknarspurningar voru:

- Hver er staða ferðaþjónustu á vestanverðum Skaga?
- Hvað er mikilvægt að hafa til hliðsjónar við þróun og markaðssetningu áfangastaða?
- Til hvaða þátta er mikilvægt að horfa við uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu?

2 Ferðafræði

Hér verður fjallað um eðli og þróun ferðaþjónustu, hvernig dreifbýlið og fortíðarþráin togar í sífellt fleiri ferðamenn, uppbyggingu áfangastaða, markaðssetningu, og einkenni ferðaþjónustu á Íslandi.

Þegar talað er um ferðaþjónustu er átt við bæði atvinnugreinina, fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga sem sjá ferðamönnum fyrir þjónustu eða upplýsingum. Meginþættir eru fjórir:

- Ferðamenn (fólk sem ferðast utan daglegs umhverfis)
- Fyrirtæki og stofnanir (selja vörur og þjónustu til ferðamanna)
- Opinber stjórnsýsla (tryggir ramma laga og reglugerða)
- Áfangastaðir (þar sem ferðamenn dvelja)

(Samgönguráðuneytið, 2003)

2.1 Eðli og þróun í ferðaþjónustu

Ferðaþjónusta er ekki sérstök atvinnugrein, heldur samsett úr mörgum atvinnugreinum. Viðskiptavinir geta verið ferðamenn jafnt sem heimamenn og þjónusta við ferðamennina er misstórt hlutfall af starfsemi fyrirtækja. Vegna þessa eiga fyrirtæki sem sinna bæði heimamönnum og ferðamönnum stundum erfitt með að gera sér grein fyrir sínu hlutverki í ferðaþjónustu (Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, 2005).

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir muninum á eðli vöru og þjónustu, en ferðaþjónusta gengur mest út á að þjóna ferðamönnum. Þjónusta inniheldur allar efnahagslegar gjörðir þar sem útkoman er ekki áþreifanleg vara eða mannvirki, og neysla hennar fer venjulega fram á sama tíma hún er framleidd. Hún gefur aukið virði (t.d. þægindi, skemmtun, vellíðan) í formi óáþreifanlegra þátta fyrir kaupandann (Zeithaml o.fl., 2003).

Margir fræðimenn hafa síðustu misseri rannsakað og reynt að spá fyrir um þróun ferðaþjónustu í heiminum. Breytingar á framboði eru þær helstar að ferðir verða ódýrari

og ferðalög styttri, þau verða farin styttra frá heimili, meiri notkun upplýsingatækni og internets er fyrirsjáanleg og fleiri og fjölbreyttari valkostir verða í boði (Nordin, 2005).

Breyttar tilhneigingar á neytendamarkaði, þ.e. í eftirspurninni, snúa að því að ferðamenn eru orðnir ”þroskaðri” en fyrr, þeir eru sjálfstæðari og ferðast meira á eigin vegum, þeir horfa til samspilandi þarfa líkama, hugar og sálar og vilja fá meira fyrir peningana. Einnig hefur athyglin beinst að markhópi sem kallaður hefur verið ”burgeisar og bóhemar”, en það eru vel menntaðir borgarþáttar sem náð hafa árangri á framabrotinu. Þeir eru oft á tíðum talsvert efnishyggjufólk, en á sama tíma með áherslu á andleg málefni, þ.e. á jafnvægi, heilsu og tilgang. Einstaklingar í þessum hópi ferðast gjarna til að öðlast reynslu sem víkkar út menningarlegan sjóndeildarhring þeirra (Poon, 2001).

Stærstu breytustærðir hvað snertir áfangastaði eru minnkandi áhersla á staðlaða fjöldaferðamennsku og að upplifunin muni skipta ferðamanninn meira máli en ferðavaran sjálf (Poon, 2001).

Auknar áherslu í eftirspurn verða á “ekta” (e.authentic) upplifun, þ.e. að um sanna upplifun sé að ræða fyrir ferðamanninn, en aukin tengsl við náttúru, sem og afþreyingu og tengsl við menningu samfélaga, verða sífellt mikilvægari (ETC/ETAG, 2003; getið í Nordin, 2005). Það sem er ekta er upprunalegt, það er hvorki falsað né eftirlíking af því sem það sýnir, og upplifun ferðamannsins verður því sönn, ósvikin. Rannsóknir benda til þess að skynjun ferðamannsins á uppruna- eða áreiðanleika áfangastaðar, sem byggir á sögulegri arfleifð, sé einn veigamesti þátturinn við mat hans á gæðum áfangastaðarins. Sviðssetning eða endurgerð fyrirbæra eða menningar fyrir ferðamenn getur haft neikvæð áhrif á upplifun (Naoi, 2004).

En menning ein og sér er ekki sérstaða í sjálfu sér. Ef hinsvegar er útbúin “vara” úr ákveðnum afmörkuðum hluta menningarinnar, geta menn skapað sér sérstöðu í vöruframboði sem eftirspurn er eftir. Varast verður að skilgreina vöruframboðið eingöngu út frá sjónarhorni ferðaþjónustunnar, heldur ætti eðli þess sem í boði er ekki síður að ákvarðast á forsendum neytandans, ferðamannsins sjálfs. Það er mörgum ferðamönnum mikilvægt að geta aðgreint sig frá fjöldaferðamenskunni (e. selective distance); þ.e. gera eitthvað annað en allir hinir ferðamennirnir (Robinson, o.fl., 2005).

Samfara hraða og aukinni tæknivæðingu, auk meiri óvissu um hvert stefnir í framtíðinni, þá sækir fólk í það sem það þekkir og treystir: Fortíðina! Það sækir í staði þar sem menningarminjar fortíðar eru sýndar og reynir þannig að tengja sig við þekktar stærðir og skapa sér þægilegar aðstæður (Timothy, o.fl., 2003), en ástæður þess að fólk leitar í frítíma sínum í vaxandi mæli út fyrir borgarmörkin eru fleiri. Sumir sækja tilbreytingu í fámennið, aðrir leita eftir kyrrð eða tengslum við náttúruna, en sveitir landsins varðveita oft eldri samfélagslega formgerð sem tapast hefur í borgarsamfélaginu (Sharpley, 1997).

Í hugmyndafræði sjálfbærrar ferðaþjónustu eru þrjár meginstoðir: Náttúra, samfélag og efnahagur. Gengið er út frá því að þegar þær fara saman í réttu jafnvægi þá sé

1. **samfélagsleg sátt** um ferðaþjónustuna, og
2. **nýtingu náttúrunnar** tengd
3. **efnahagslegum ávinningi**.

Ef einhver meginstoðanna verður útundan þá brestur sá grundvöllur sem hægt er að byggja á. Eitt mikilvægasta verkefni ferðaþjónustu er að stuðla að sjálfbærri þróun greinarinnar, þannig að allir hagsmunaaðilar njóti góðs af áhrifum hennar (Samgöngu-ráðuneytið, 2005).

2.2 Áfangastaðir og markaðssetning

Mikilvæg skref í þróun og uppbyggingu á samkeppnisfærum áfangastað eru markaðar nokkrum þrepum:

- Gera þarf úttekt á öllum grunnþáttum (mannauði, þekkingu, hve nýtanlegt bæði náttúrulegt og manngert aðdráttarafl er, fjárhagslegt bolmagn, innviðir og umhverfi ferðaþjónustunnar, sögu- og menningarminjar);
- Meta getuna til að virkja og nýta auðlindirnar (snýr að fyrirtækjum og öðrum hagsmunaaðilum, og getu þeirra til að vaxa og þróast á árangursríkan og skilvirkan hátt);
- Samræma markaðsaðgerðir (eðli og magn eftirspurnar, tími og framtíð eftirspurnar);
- Kanna samkeppnisumhverfi (keppinautar og samstarfsaðilar);
- Samræma markmið og innleiða aðgerðir.

Á þessu veltur möguleg frammistaða áfangastaðar (Brent Ritchie, o.fl., 2003).

Ferðamannastaður sprengir sín þolmörk þegar náttúra eða manngert umhverfi verður fyrir óásættanlegri hnignun vegna ágangs ferðamanna, þegar ferðamennskan fer að hafa neikvæð samfélagsáhrif, eða ef upplifun ferðamannsins á áfangastaðnum fer að minnka. Því má segja að þolmörkin liggja í þeim hámarks fjölda ferðamanna sem sækir svæði heim án þess að neinna framangreindra áhrifa fari að gæta (Anna Dóra Sæþórsdóttir, o.fl., 2003).

Mikilvægi skipulagsvinnu við þróun ferðamannastaða tengist beint umræðunni um þolmörk. Víða hefur skortur á deiliskipulagi staðið í vegi fyrir uppbyggingu á fjölförnum ferðamannastöðum, oft vegna fjárskorts minni sveitarfélaga. Það sem gerist þegar aðsókn á ferðamannastað nálgast þolmörk minnkar aðdráttarafl hans. Vandrataður er meðalvegurinn, því stundum veldur uppbygging verndarvirkja (göngustíga, útsýnispalla, o.þ.h.) því að upprunaleikinn hverfur og upplifun ferðamannsins verður neikvæð. Við uppbyggingu og þróun ferðamannastaðar þarf að meta staðsetningu og helstu einkenni svæðis, ferðamannatímabil og grunngerð (aðgengi/samgöngur, þjónustu, byggingar o.fl.). Miklu máli skiptir að ákvarðanir séu teknar í sem víðtækustu samráði, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi (Samgönguráðuneytið, 2005).

Til að ná fram betri þjónustu, meiri hagkvæmni og arðsemi er nauðsynlegt að auka samstarf ferðaþjónustunnar í smærri byggðarlögum. Þetta gildir jafnt um samstarf innan fyrirtækja í greininni eða við önnur fyrirtæki á svæðinu, sem og við sveitastjórnir. Mikilvæga menningarþætti og sérstöðu í atvinnulífi staða þarf að varðveita og gera sér grein fyrir því að tímabundnar uppákomur eða sviðsetningar geta ekki komið í staðinn. Stuðningur við nýsköpun og uppbyggingu í ferðaþjónustu þarf að byggja á tveim meginstöðum: Annarsvegar sterkri sérstöðu innan svæðis, hinsvegar víðtækum áhuga fólks utan svæðis á því að sækja heim þessa sérstöðu (Samgönguráðuneytið, 2003).

Vel lukkuð markaðssetning áfangastaðar felur í sér markvissa samvinnu, samhæfingu og góð tengsl milli ferðaþjónustuaðila svæðis, ekki hvað síst með það að markmiði að afla aukins fjármagns sem hægt er að nýta í kynningu á áfangastaðnum, þ.e.a.s. í markaðssetningu samkvæmt áherslum sem menn eru sammála um að nota til að ná til ákveðinna markhópa eða lykilmarkaða (Seaton, 1996).

Viðskipti gegn um internetið henta ferðaþjónustufyrirtækjum vel, en kaup og sala á vörum og þjónustu gegnum internetið er vaxandi um allan hinn vestræna heim. Þó er misjafnt hversu hátt hlutfall þjóða nýta sér þetta. Í Evrópu kaupa yfir 30% Norðmanna, Dana, Svía, Englendinga, Þjóðverja og Finna vörur og þjónustu um internetið, meðan undir 10% Grikkja, Spánverja og Ítala nota internetið á þennan hátt (Buhalis o.fl., 2004). Burt séð frá því hver staða þessara mála er í dag er talið að þeir ferðaþjónustuaðilar og áfangastaðir verði ofan á í samkeppninni sem ná að kynna sig á notendavænum vefsíðum, þar sem bæði er boðið upp á bókanir og fjölbreytta valkosti í samsetningu ferðapakka (ETC, 2005)

2.3 Ferðaþjónusta á Íslandi

Þótt ferðaþjónustan sé ung grein þá hefur hún vaxið hratt. Þetta á sinn þátt í að jafna sveiflur í efnahags- og byggðamálum, þar sem fjöldi manns hringinn í kringum landið vinnur nú að því að gera menningu okkar áhugaverða fyrir ferðamenn. Styrk ferðaþjónusta styður aðra þjónustu og fjölbreytni í samfélaginu og getur haft jákvæð áhrif á marga þætti þekkingar og viðskipta til framtíðar (Samgönguráðuneytið, 2005).

Auk menningar byggir ferðaþjónustan að miklu leyti á náttúrufegurð og sögulegum minjum, sem eru aðföng sem ekki verða flutt auðveldlega úr stað. Ferðaþjónusta ætti því að tengjast byggðastefnu stjórnvalda sterkar, sem ein af fáum atvinnugreinum utan höfuðborgarsvæðisins sem enn hefur hlutfallslega yfirburði vegna landfræðilegra aðstæðna (Ásgeir Jónsson, o.fl., 2006).

Náttúruskoðun trónir á toppnum þegar erlendir sumarferðamenn eru spurðir um hvaða afþreyingu þeir nýti. Dagsferðir, ferðir í sund og á söfn eru líka vinsæl afþreying, sem og gönguferðir. (Samgönguráðuneytið, 2005). Náttúruskoðun, gönguferð eða fjallaganga, eru einnig ofarlega á blaði sem afþreying sem Íslendingar nýta á sínum ferðalögum, auk þess sem sund skorar hæst í sumum landshlutum, t.d. á Norðurlandi (Ferðamálaráð Íslands, 2004).

Lagt var til að byggja íslenska ferðaþjónustu á samspili tveggja meginþátta: Menningunni og náttúrunni (Tómas I. Olrich, 2001), en síðar hefur “fagmennska” einnig komið inn sem þriðji meginþáttur ferðamála á Íslandi (Samgönguráðuneytið, 2005).

Þau hughrif sem sérstaða landsins skapar, þ.e. náttúrufar, menning fortíðar og samtíma, og gestrisni, fellur vel að áhuga ferðamanna á einstæðri eða ólíkri upplifun á ferðalögum. Mikilvægt er að þekkja áhuga og þarfir sinna verðmætustu viðskiptavina og hafa það í huga að viðhorf heimamanna getur haft áhrif á eðlilegan þroska ferðaþjónustunnar (Samgönguráðuneytið, 2005).

Yfir lítt þekktum eða "óuppgötvuðum" áfangastöðum hvílir framandleiki, þeir draga að sér ferðamenn í leit að hinu ókunna og eru auðlind í ferðaþjónustu. Víða á Íslandi eru eyðibbyggðir við sjávarsíðuna, þar sem tengsl eru sterk við náttúru, sögu og byggðapróun, en fyrir stórborgarbúa getur t.d. lífið við höfnina verið mjög athyglisvert. Hægt er í meira mæli að kynna fiskveiðar, vinnslu og nýtingu eða matreiðslu hráefnisins fyrir ferðamönnum. Sjávarbyggðir ættu að nýta sér þessa vaxandi eftirspurn, markaðssetja sig sem upphafspunkt ferðar og bjóða upp á dvöl eða gistingu að ferð lokinni. Þeir sem eru best til þess fallnir að kynna sérstöðu síns byggðarlags fyrir ferðamönnum eru gestrisnir og fróðir heimamenn, en þeir eru víða vannýtt auðlind (Byggðastofnun, 2001).

Raunar hafa menn séð tækifæri (bls. 12) í markvissri þátttöku heimamanna í móttöku ferðamanna, sem kann að stuðla að því að dreifðar byggðir landsins geti hagnýtt sér betur þau tækifæri sem felast í ferðaþjónustu:

Upplýsa [þarf] íslensku þjóðina um þessa væntanlegu aukningu [ferðamanna]. Þjóðin þarf að vera með á nótunum. Það eru í raun allir Íslendingar í móttökunefnd þegar um svo litla þjóð er að ræða. Þannig hefur það áhrif á heilu þorpin út um land ef aukning ferðamanna verður mikil. Þá þurfa sem flestir að tala erlend tungumál, vera jákvæðir og brosmildir og kunna að þjóna...ÞJÓÐIN ÞARF AÐ VITA um atvinnuleyndarmál framtíðarinnar og fá aðstoð við að búa sig undir það. Kynningarefni um það sem í vændum er þarf að fara í fjölmiðla og inn á íslensk heimili sem "persónulegur" póstur: Lærðu ensku, lærðu erlent tungumál, þú skiptir máli þegar ferðamannaflóðið kemur... o.s.frv. - Íslensk náttúra er eitt - fólkið er annað. Íslendingar eru gestrisið fólk, sér í lagi út um hinar dreifðu byggðir. Það hefur sýnt sig að útlendingar sækjast ekki síst eftir samskiptum við íslenska alþýðu. Þessu má ekki gleyma. Þannig geta hin dreifðu

svæði gert sér ”mat úr því” að vera móttökuþorp eða móttökusveitir fyrir ferðamenn. Allir taka þátt! (Jón Jóel Einarsson (ritstj.), 2006).

Aukin samskipti heimamanna við ferðamenn og hagnýting þeirra á eigin menningarverðmætum getur ekki aðeins eflt efnahag á svæðinu, heldur einnig orðið til þess að styrkja sjálfsmynd íbúanna (Byggðastofnun, 2001).

3 Skagaströnd og vestanverður Skagi

Í upphafi þessa kafla verður svæðinu lýst, en kort af öllum Skaga má sjá í Viðauka 1. Í framhaldinu verður svo fjallað um Skagaströnd og nágrenni, sögu, menningu, byggðaþróun, o.fl.

3.1 Landfræðileg afmörkun og einkenni

Á vestanverðum Skaga eru tvö sveitarfélög, Skagabyggð og Höfðahreppur (Skagaströnd). Skagabyggð liggur eftir endilöngum vestanverðum Skaga, frá Blönduósi í suðri, að sýslumörkum Húnavatns- og Skagafjarðarsýslu í norðri (Félagsmálaráðuneytið, 2005). Sveitarfélagið Höfðahreppur er með 527 íbúa og Skagabyggð með 96 íbúa. Samanlagður íbúafjöldi svæðisins er því rétt um 620 manns (Hagstofa Íslands, 2007).

Ágæt lýsing á staðháttum og landslagi því sem er til umfjöllunar í þessum skrifum er að finna í nýlegu svæðisskipulagi (bls. 36) fyrir Austur-Húnavatnssýslu:

Nokkurt flatlendi er meðfram ströndinni norðan við Blönduós, svonefnd Refasveit, og um það rennur til sjávar Laxá á Refasveit, sem kemur úr Laxárdal hinum fremri sem gengur inn í landið norðan og austan við Langadalsfjall. Frá ármótum Norðurár og Laxár gengur Norðurárdalur til austurs. Nokkurt undirlendi er meðfram ströndinni við Húnaflóa austanverðan. Upp af því rísa Skagastrandarfjöll. Inn í fjallgarðinn skerast dalir eins og Hallárdalur og Hrafndalur en framundan mynni hans er Skagaströnd, sem er annar tveggja þéttbýliskjarna sýslunnar [hinn er Blönduós]. Þegar utar dregur á Skaga verður landið flatara og við tekur Skagaheiði með mörgum vötnum í stað hárra fjalla og er svo allt að sýslumörkum (Guðrún Jónsdóttir, 2005).

Á ysta hluta Skaga eru jökulsorfnar klappir og meðfram ströndinni eru malarkambar sem bera merki hárrar sjávarstöðu frá lokum ísaldar. Við Víkur og Hafnir eru fornir fjörukambar í 30-40 m hæð yfir sjávarmáli. Kálfhamarsvík skartar sérstökum stuðlabergsmyndunum og í Króksbjargi er sjávarberg og fossar. Milli Blöndu og Laxár í Refasveit eru fjölskrúðugar minjar um samspil jökla og sjávar frá ísaldarlokum, en við Laxána sjálfa eru einnig fallegar gangbríkur og setlög (Haukur Jóhannesson, 2002).

3.2 Silungsveiði

Komið hefur fram að ferðapjónusta skili mestum arði þegar hún byggir á því að nota það sem er til staðar, í því umhverfi sem samfélagið á staðnum þekkir. Þetta gæti t.d. átt við stangveiði og golf, eða silungsveiði í sjó og vötnum, sem jafnvel væri hægt að tengja við aðra útivist, s.s. fuglaskoðun gönguferðir eða hestamennsku. Áætlað er að um 3% ferðamanna sem koma til landsins hafi hug á að stunda stangveiði og að silungsveiði sé sérstaklega vannýtt auðlind (Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, 2004).

Miklir möguleikar eru til aukinnar verðmætasköpunar hjá landeigendum og þjónustuaðilum samfara þessum vaxandi áhuga á silungsveiði. En til þess að svo geti orðið þarf að eiga sér stað uppbygging í samgöngum, hreinlætisaðstöðu, íverustað eða veiðihúsi og jafnvel í bryggjugerð til aðstöðu fyrir smærri báta. Veiðileyfi seljast mun betur þar sem ákveðnir grunnþættir eru til staðar: Góð aðstaða, auðveldar samgöngur og markviss kynning eða markaðssetning. Landsamband veiðifélaga hefur lagt til (bls.12) að hið opinbera hafi forgöngu um að byggja upp nokkur svæði til silungsveiða. Mörg góð tækifæri til uppbyggingar í silungsveiði er að finna í fámennum byggðarlögum sem standa höllum fæti. Slíkur stuðningur gæti því flokkast sem mikilvægt byggðamál. (Landssamband veiðifélaga, 2006).

3.3 Fuglaskoðun

Á utanverðum Skaga er að finna votlendi, strandvötn, fjörur og grunnsævi með fjölbreyttu fuglalífi. Einkennandi er fyrir svæðið hvað það hefur lítið verið rannsakað miðað við aðra landshluta og lagt hefur verið til að tjarnir og vötn á Skaga, sem mörg hver eru sögð auðug af fuglum, verði rannsökuð betur og greind. Helstu fuglasvæðin á því svæði sem hér er unnið með eru strand- og heiðavötnin á utanverðum Skaga, þar sem endur, himbrimi, lómur og álft fyrirfinnast; sömuleiðis er Langavatn á Skaga tegundaríkt; í Króksbjargi og Kálfhamarsvík eru fuglabjörg aðgengileg til skoðunar, og svo er mikið af straumönd við útfallið af Laxá úr Laxárvatni (Kristinn Haukur Skarphéðinsson, 2001).

3.4 Gönguleiðir

Nokkrar gönguleiðir eru til á svæðinu, sumar stikaðar og margar kortlagðar. Enn er þó um mörg ónýtt tækifæri þarna að ræða, ekki hvað síst í skipulögðum gönguferðum. Fyrir nokkrum árum var hafist handa við að þróa og stika “þríhyrning” gönguleiða, milli

Blönduóss, Sauðárkróks og Skagastrandar. Helstu kostir leiðanna voru taldir gróðursælt landslag með lítilli hækkun, stutt frá alfaraleiðum, mátulega langir “leggir”, gistiskálar (Tröllli og Púfnaveilir) í eigu Ferðafélags Skagfirðinga, og almennt betra veðurlag en sunnanlands. Formanni Útivistar hafði verið kynnt málið og honum leist vel á (Baldur Valgeirsson, án ártals). Leiðirnar hafa verið stikaðar að mestu, en ekki hefur verið unnið með verkefnið í 2-3 ár (Þorsteinn Broddason, símaviðtal, 23. apríl 2007).

Hér á eftir verður fjallað um Skagaströnd og nágrenni með tilliti til helstu þátta í sögu og menningu. Skoðuð verða ferðaþjónustufyrirtæki sem eru starfrækt á svæðinu, auk annarrar þjónustu sem getur nýttst ferðamönnum. Einnig verður fjallað um helstu staði sem ferðamenn sækja á í dag og einnig er lauslega sagt frá þróun “kántrýs”, sem er að margra mati eitt helsta einkennismerki Skagastrandar (Elías B. Gíslason, viðtal, 27. mars 2007).

3.5 Byggðapróun og saga

Ekki eru til sagnir frá upphafi byggðar á Skagaströnd, en Landnáma segir frá landnámsmönnum Hólmgöngu-Mána og Elífi-Erni sem námu land nyrst á Skaga. Almennt er þó talið að vestanverður Skagi hafi verið fullnuminn áður en Landnáma var skrifuð. Verslunarstaður var til forna við Spákonufellshöfða og var hann kallaður Höfðakaupstaður eða Höfði. Danskir kaupmenn tóku hinsvegar upp nafnið á strandlengjunni og kölluðu verslunarstaðinn Skagestrand. Eftir að einokunarverslun komst á árið 1602 varð Skagaströnd einn af kaupstöðunum. Þangað sótti fólk úr nálægum sýslum, en eftir að Blönduós varð löggiltur kaupstaður 1875 dró smám saman úr verslun á staðnum á næstu áratugum (Höfðahreppur, án ártals).

Eftir að verslun var gefin frjálts voru verslunarmenn á Skagaströnd bæði íslenskir og danskir, en hið eiginlega þorp myndast milli 1870-1880. Á þriðja áratug 20. aldar var síld fyrst söltuð á Skagaströnd. Hafnargerð hófst þar 1934 og ári síðar var komin söltunarstöð sem afkastaði yfir tvö þúsund tonn fyrsta sumarið. Hraðfrystihúsi var komið á fót 1939 (Bjarni Guðmarsson, 1989).

Stór framtíðaráform voru uppi eftir seinni heimstyrjöldina, á svokölluðum nýsköpunarárum, um að byggja frá grunni 2.500 manna byggðarlag á Skagaströnd í

kringum síldarvinnslu. Byggð var síldarverksmiðja á vegum Ríkisins og skipulagsuppdráttur frá 1945 sýnir bæinn eins og til stóð að hann yrði, með tilheyrandi íbúabyggð, atvinnu- og þjónustuhúsnæði, ásamt opnum svæðum. Á þessum tíma fjölgaði bæjarbúum ört. Ástæða þess að hætt var við þessi stórhuga framtíðaráform var fyrst og fremst sú að Norðurlandssíldin hvarf um og eftir 1945, en í margra hugum tengdist það grjótnámi til hafnargerðar úr “álfabyggðum” Spákonufellshöfða (Bjarni Guðmarsson, 1989).

Íbúum fækkaði vegna atvinnuleysis á sjöunda áratug síðustu aldar, allt til ársins 1968, þegar útgerðarfélagið Skagstrendingur var stofnað, en eftir það fer að færast líf í atvinnumál staðarins. Í október 1973 kemur áhöfn heim frá Japan með skuttogarann Arnar, og fyrsti frystitogari Íslendinga, Örvar, kemur árið 1982. Á þessum árum fara líf skjör að batna og jákvæð áhrif að skila sér fyrir allt athafna- og mannlíf á Skagaströnd (Bjarni Guðmarsson, 1989).

Fram til 1939 var einn hreppur á vestanverðum Skaga, Vindhælishreppur hinn forni. Það ár var sveitarfélaginu skipt upp í 3 hreppa: Vindhælishreppur (syðst), Höfðahreppur og Skagahreppur (nyrst) (Bjarni Guðmarsson, 1989). Þannig var staðan þar til árið 2002, þegar Félagsmálaráðuneytið ákvað að sameina Vindhælishrepp og Skagahrepp í eitt sveitarfélag: Skagabyggð. Áður hafði verið reynt án árangurs að sameina sveitarfélögin þrjú (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2007).

Mannfjöldaþróun á vestanverðum Skaga síðustu 25 ár hefur verið með þeim hætti að árið 1982 var samanlagður íbúafjöldi sveitarfélaganna þriggja (sem nú eru tvö) um 820 manns. Íbúum hafði fækkað 10 árum síðar niður í 785 og árið 2002 var íbúatalan komin niður í um 700 manns (Guðrún Jónsdóttir, 2005). Miðað við heildaríbúafjölda í dag, sem er um 620 manns, þá hefur á 25 árum fækkað um tvö hundruð manns á vestanverðum Skaga, sem er tæplega 25% fækkun (Hagstofa Íslands, 2007).

3.6 Samgöngur

Samgöngur skipta miklu máli í þróun ferðaþjónustu og geta breytingar á þeim haft áhrif á mörk ákveðinna markaðssvæða. Hér spilar saman framboð á afþreyingu og þjónustu, og ferðatími að tilteknu markaðssvæði. Þó mikil umferð sé í gegnum Húnavatnssýslur, þá hefur heimamönnum gengið illa að fá ferðamenn til að stoppa og dvelja í héraðinu (Ferðamálaráð Íslands, 2002).

Þverárfjallsvegur

Fjarlægð milli Skagastrandar og Sauðárkróks hefur styst úr 92 km í um 50 km með tilkomu Þverárfjallsvegur, en hann stuðlar að því að tengja sýslurnar og gera að einu atvinnusvæði. Helstu samgönguhindranir eru einbreið brú yfir Laxá í Refasveit og Skagavegur um Króksbjarg. Vegurinn um Skaga er ómalbikaður (Guðrún Jónsdóttir, 2005).

Fjölgun bíla um Þverárfjallsveg hefur verið allnokkur síðustu misseri, en árdagsumferð (meðalumferð á dag allt árið) var árið 2005 alls 238 bílar, en 347 bílar að meðaltali yfir sumarmánuðina júní, júlí, ágúst og september. Rúmlega 18% allrar umferðar í landinu fór um sk. norðvestursvæði árið 2005 (Vegagerðin, 2006).

3.7 Kántrý

Hallbjörn Hjartarson hefur búið á Skagaströnd mestalla sína tíð (Kántrýbær, án ártals). Hann spilaði á orgel og var í hljómsveitum, var meðhjálpari í kirkjunni og stundaði verslunarrekstur. Þegar tók að halla undan fæti í verslunarrekstri Hallbjörns opnaði hann veitingastaðinn Kántrýbæ í hluta húsnæðisins árið 1983. Tveimur árum fyrr hafði hann gefið út fyrstu kántrýplötu, Kántrý 1. Kántrýævintýri Hallbjörns náði svo ákveðnum hápunkti árið 1984 þegar fyrsta Kántrýhátíðin var haldin, en Friðrik Þór Friðriksson gerði um hana kvikmynd sína Kúrekar Norðursins. Athygli fjölmiðla á uppátækjum Hallbjörns á þessum árum var mikil. (Bjarni Guðmarsson, 1989).

Kántrýbær dregur til sín fjölda fólks á hverju ári, en þar er vísir að “kúrekaafni norðursins”. Fullyrt er að Kántrýhátíðin hafi haft mikla þýðingu við að kynna það sem Skagstrendingar hafi upp á að bjóða og að hún hafi haft mikið auglýsingagildi fyrir bæjarfélagið (Ferðamálaráð, 2002).

Fjölmenningar kántrýhátíðir, danshópar, gospelmessur, síðari tíma Kántrýdagar og rekstur útvarps Kántrýbæjar eru allt afsprengi kántrýáhuga þessa innfædda frumkvöðuls, sem hefur fest Kántrý-ímyndina rækilega við Skagaströnd (Elías B. Gíslason, viðtal, 27. mars 2007). Fjölmenningasta Kántrýhátíðin var haldin árið 2000 og er þá talið að um 12 þúsund manns hafi verið á Skagaströnd (Blask, 2006). Síðasta Kántrýhátíðin var haldin árið 2002, en þá voru uppi allhávær mótmæli meðal bæjarbúa, sem fannst áreitið of mikið miðað við ávinninginn. Árið 2006 voru í fyrsta sinn haldnir sk. Kántrýdagar með hógværarara sniði, með meiri almennri þátttöku bæjarbúa og góðri samfélagssátt. Allar líkur á því að slík bæjarhátíð verði einnig haldin sumarið 2007 (Magnús B. Jónsson, viðtal, 13. apríl 2007).

Sjálfur kallar Hallbjörn Skagaströnd “*bæ kúrekans*” og í texta á vefsíðu Kántrýbæjar segir: “*Skagaströnd er vaggja villta vestursins og kúrekans*”. (Kántrýbær, án ártals). Þótt sitt sýnist hverjum um þessa framsetningu, þá eru mikil verðmæti fólgin í kántrý-ímyndinni fyrir Skagastrendinga (Haukur Suska-Garðarson, símaviðtal, 13. apríl 2007).

3.8 Áhugaverðir staðir

Hér verða taldir upp frá suðri til norðurs nokkrir áhugaverðir staðir á vestanverðum Skaga og sagt frá helstu einkennum þeirra.

Laxárdalur

Fram undir 1930 var allmikil byggð, um 20 býli, í grösugum dalnum sem liggur samsíða Langadal. Samkvæmt munnmælum á Máni landnámsmaður að hafa búið í Mánaskál, en hann er sagður heygður í Illviðrahnjúk, austan dalsins.

Spánskanöf

Spánska nöf er rétt norðan ósa Laxár á Refasveit, en þar er mikið fuglalíf í um 40-50 metra háum björgum. Nokkur rif eru undan ströndinni. Nafnið er dregið af atburði fyrr á öldum þegar prestur á Höskuldsstöðum hrundi árás spánkra sjóræningja á bak aftur, með þeim afleiðingum að margir þeirra létu lífið.

Hallárdalur

Þar var byggð fram á miðja síðustu öld, en dalurinn er nú allur í eyði. Laxveiðiáin Hallá rennur eftir dalnum, sem er svipmikill, með byggðaminjar, og ágætur til gönguferða.

Spákonufell

Spákonufell er rúmlega 640 m hátt fjall með hamrabelti efst sem kallað er Spákonufellsborg eða Borgarhaus. Stikuð gönguleið er á toppinn; gönguleiðarlýsing á skilti við upphaf leiðar. Á bænum neðanundir bjó hin fjölkunnuga Þórdís spákona og á hún að hafa falið auðævi sín á syllu í fjallinu.

Spákonufellshöfði

Friðlýstur fólkvangur á Skagaströnd frá 1980. Höfðinn er úr stuðlabergsbasalti og þarna var fyrrum verslunarstaður Húnvetninga. Gönguleið um höfðann er lýst á einföldu gönguleiðar- og upplýsingakorti frá sveitarfélaginu, þar sem náttúra og saga staðarins eru hluti af gönguleiðinni. Fjölbreytt fuglalíf. Ríkuleg saga verslunar- og sjávarútvegs; margir staðir á gönguleið eiga sína sögu, s.s. Spánska dys, Arnarstapi, Tröllamey, Tjaldklauf og Vækilvík.

Hof

Hof er kirkjustaður fyrir norðan Skagaströnd, en þar eru goðatóttir sem gætu verið af hofi. Jón Árnason þjóðsagnasafnari er fæddur á Hofi.

Króksbjarg

Króksbjarg er um 10 km. langt, 40-50 metra hátt, byrjar rétt norðan við bæinn Hof og nær norður undir Kálfshamarsvík. Fossá fellur fram af bjargbrúninni niður í sjó. Náttúruskoðun, stuðlaberg. Í björgunum er fuglalíf, aðallega fýll.

Kálfshamarsvík

Eitt hundrað manna sjávarþorp var í víkinni á fyrstu áratugum síðustu aldar, en það var farið í eyði í kringum 1940. Húsarústir vel sýnilegar, en þar hefur upplýsingaskiltum um íbúa og byggð verið komið fyrir, auk aðstöðu fyrir ferðamenn. Víkin skartar snúnu

stuðlabergi, lóðréttu og láréttu, sérkennilega formaðri náttúrusmíð. Viti er á Kálfs-
hamarsnesi.

Selvíkurtangi

Selvíkurtangi er við Kaldranavík, um 40 km norðan við Skagaströnd. Þar má sjá sel á
skerjum úti fyrir ströndinni.

Hafnir

Fornt stórbýli norðarlega á Skaga, þar eru Hafnarbúðir, gömul verstöð, aðallega
hákarlaveiðimanna. Mikill reki á fjörum og malarkambar sem sýna merki um hærri
sjávarstöðu við Ísaldarlok.

Skagaheiði

Skagi er hálendur syðst en norðurhlutinn hæðótt láglandi með gríðarmörgum tjörnum og
vötnum. Sumsstaðar er akfært að vötnum og mjög víða er góð silungsveiði. Vegna lítilla
grasnytja við ströndina var óvenju mikið um selbúskap á Skagaheiði, allt upp í fimm sel
frá hverjum bæ. Sumsstaðar liggja seljarústir nálægt gönguleiðum, og allnokkuð er um
sagnir frá selbúskap, sem stóð fram á seinnihluta 19. aldar.

4 Ferðapjónusta á Skagaströnd

Hér á eftir verða talin upp þau fyrirtæki á Skagaströnd og nágrenni þar sem ferðamenn geta keypt þjónustu, gistingu, veitingar og afþreyingu, og í stuttu máli sagt frá starfsemi og helstu stærðum.

4.1 Ferðapjónustufyrirtæki á Skagaströnd

Gistiheimilið

Dagsbrún Gisting með morgunmat í eins til tveggja manna herbergjum með handlaugum. Salerni og sturtur í sameiginlegu rými, veitingaaðstaða og borðsalur til stærri funda og samkoma (50-70 manns). Gistirými fyrir 7 manns.

Snorraberg Eitt heilsárshús, 60m². Nýlegt hús með öllum tækjum, en ekki heitum potti. Gistirými fyrir 5 manns.

Skíðaskáli Svefnpokapláss; rúm fyrir 8 manns, dýnur f. u.þ.b. 15 manns; samanlagt fyrir 23 gesti.

Tjaldsvæðið Er við innkomuna til Skagastrandar. Þjónustuhús, allar tengingar fyrir húsbíla (rafmagn og losun), leiktæki fyrir börn.

Kántrýbær Veitinga- og grillstaður. Sumaropnun; helgaropnun að vetri. Vísir að kúrekasafni. Tónleikar og dansleikir af og til.

Olís

Söluskáli Grill, sjoppa, vídeóleiga, sjálfsafgreiðsla á eldsneyti.

Kaffi Viðvík Kaffihús, með sýningarsal í kjallara, möguleiki á menningarviðburðum. Byggt 1912 (gamli barnaskólinn), er nýuppgert og stendur við sjóinn. Rekstaraðilar 2004-2006 hættir, húsið til leigu 2007.

Félagsheimili Samkomuhús Skagstrendinga, Fellsborg. Tveir misstórir salir, þar sem haldnir hafa verið dansleikir, bío- og leiksýningar, ættarmót og sölu-sýningar. Bókasafn Höfðahrepps er í húsinu. Við Fellsborg er tjaldaðstaða sem nýtt hefur verið í tengslum við ættarmót.

4.2 Önnur þjónusta

Útvarp

Kántrýbær Lokað vegna rekstrarerfiðleika. Útsendingar náðust um stærstan hluta Norðurlands vestra.

**Samkaup/
Úrval** Matvöruverslun, opin alla daga vikunnar.

**Landsbanki
Íslands** Öll helstu bankaviðskipti.

Bíla viðgerðir Vélaverkstæði Skagastrandar.

Heilsugæsla Ný heilsugæslustöð tekin í notkun síðsumars 2006. Sjúkrahús er á Blönduósi.

4.3 Önnur ferðaþjónusta á vestanverðum Skaga

Veiðihús Sölvabakki í Refasveit, staðsett við Langavatn syðra.

Sumarhús Sölvabakki í Refasveit.

Sumarhús Hafnir á Skaga, rými fyrir fjóra í tveim herbergjum og fjóra á svefnlofti. Verönd og rafhitaður pottur.

Frístundahús Þverá (2 hús). Eitt hús: Krókur, Mánavík, Saurar og Ós.

Félagsheimili Skagabúð, félagsheimili Skagabyggðar, aðstaða fyrir ættarmót og tjaldsvæði í tengslum við þau.

4.4 Afþreying

Sundlaugin Lítil útilaug með heitum potti, aðeins opin yfir sumartímann.

Golfvöllur Níu holu golfvöllur Golfklúbbs Skagastrandar, í náttúrulegu umhverfi, 2-3 km norðan við bæinn. Klúbb- og áhaldahús. Veitingasala á mótum; gos, sælgæti og golfvörur á virkum dögum.

Sparkvöllur Byggður 2005, 18x33m, upplýstur með snjóbræðslukerfi, timburgirðing umhverfis.

Íþróttahús Ljósabekkir, aðstaða til þrekæfinga og gufubað.

- Laxveiði** Laxá í Refasveit og Hallá
- Silungsveiði** Langavatn (syðra). Sölvabakki í Refasveit
Langavatn (nyrðra). Steinnýjarstaðir á Skaga
Víkur (nyrst á Skaga)
Selvatn, Torfdalsvatn og fleiri.
- Skotveiði** Mörg veiðisvæði f. rjúpu, gæs og svartfugl.
- Réttir** Skrapatungurétt, stóðsmölun og réttir á haustin, þar sem gestum býðst að taka þátt.
- Gönguleiðir** Allmargar, sumar kortlagðar og stikaðar, bæði til fjalla og á láglendi.
- Kántrýðagar** Frá 2006, fjölskylduhátíð heimamanna, allir velkomnir.

5 Rannsóknaraðferð

Til að svara rannsóknarspurningum var notast við eigindlegar aðferðir, þá fyrst og fremst viðtöl og gagnagreiningu, með það að markmiði að öðlast heildstætt yfirlit og samhengi. Ekki var sett fram tilgáta heldur unnið samkvæmt aðleiðslu, þ.e. staðreyndir fengnar fram með athugnum. Viðtölin voru hálf-formleg, ætluð til að dýpka skilning rannsakanda á viðfangsefninu. Rannsókn af þessu tagi er leitandi og viðtöl eru tekin þar til ákveðinni metnun er náð, þ.e. viðmælandi hefur litlu við efnið að bæta. Úrtak viðmælenda var valið með markmið rannsóknar í huga, þ.e. hvaða hópur eða samsetning einstaklinga væri líklegastur að geta varpað ljósi á það sem leitað var svara við (Berg, 2007). Heimilda var leitað nokkuð víða, í bókum, á netinu, s.s. á heimasíðum og í gagnagrunninum Proquest, sem og í ýmsum fræðum og skýrslum um ferðapjónustu og byggðamálefni. Áætlað er að vel yfir eitt hundrað heimildir hafi verið kannaðar, þótt aðeins reyndist tilefni til að vinna nýtanlegt efni úr um fjörutíu þeirra.

5.1 Gagnaöflun

Við öflun gagna um ferðapjónustufyrirtæki og helstu staði í náttúru á vestanverðum Skaga kom í ljós að sjaldan var á einum stað að finna nægilega góðar upplýsingar að mati höfundar. Uppsprettur heimilda voru misgóðar og stundum hver með sína áhersluna. Því reyndist nauðsynlegt að leita nokkuð víða fanga og sameina gögn úr ólíkum áttum til þess að fá fullnægjandi heildarmynd. Upplýsingar um þjónustu og afþreyingu fyrir ferðamenn eru fengnar af heimasíðu sveitarfélagsins Höfðahrepps, af heimsíðum ferðapjónustufyrirtækjanna sjálfra, úr upplýsingamöppu sem unnin var af Höfðahreppi 2005, og úr sameiginlegu upplýsingariti fyrir ferðapjónustu í Austur-Húnavatnssýslu frá árinu 2003. Einnig var stuðst við upplýsingar á bakhlið gönguleiðakorts fyrir Austur-Húnavatnssýslu og Skagafjörð frá árinu 2001. Staðfestingar var leitað hjá rekstraraðilum og öðrum þegar vafi lék á áreiðanleika upplýsinga. Taka skal með fyrirvara hversu tæmandi listi yfir fyrirtæki, þjónustu og afþreyingu er, því það var ekki meining höfundar að gera fullkomið stöðumat, heldur varpa ljósi á helstu þjónustu og staði fyrir ferðamenn á vestanverðum Skaga, þannig að hægt væri að tengja það við umræður og niðurstöður rannsóknar.

5.2 Viðtöl, viðmælendur og aðferðir

Fyrir utan vinnufundi með leiðbeinanda, Guðrúnu Þóru Gunnarsdóttur, voru tekin viðtöl, ýmist í síma eða undir fjögur augu, á tímabilinu 16. mars til 23. apríl 2007. Ákvörðun um hvernig viðtal var tekið réðist af aðgengi; hvort viðmælendur voru tiltækir þegar á þurfti að halda. Val á viðmælendum (sjá kaflann: Munnlegar heimildir) fór þannig fram að tillaga að lista yfir viðmælendur á Skagaströnd barst frá formanni Atvinnu- og ferðamálanefndar Höfðahrepps, Halldóri G. Ólafssyni. Sá listi reyndist fullýtarlegar miðað við þarfir rannsóknarinnar, og var hann því stytur nokkuð í samráði við sveitarstjóra, Magnús B. Jónsson. Var þá fyrst og fremst miðað við að ná tali af fólki sem væri í mestum samskiptum við ferðamenn. Höfundur bætti við listann nokkrum viðmælendum sem standa utan við svæðið sem unnið er með; aðilum með víða sýn á íslenska ferðaþjónustu, ákveðna sérþekkingu eða góða þekkingu á ferðamálum.

Viðtöl voru að jafnaði um 30 mínútna löng, tekin á tímabilinu 16. mars til 23. apríl 2007. Þau voru að mestu svokölluð hálf-formleg viðtöl, með nokkrum tilbúnum spurningum. Þannig voru flestir viðmælendur spurðir út í þeirra mat á helstu styrkleikum og veikleikum Skagastrandar og nágrennis í ferðaþjónustu. Einnig var spurt út í hvað menn teldu helsta aðráttarafl í náttúru og menningu svæðisins, þar sem sóknarfæri gætu verið fyrir ferðaþjónustu. Þess utan fengu menn nokkuð frjálssar hendur með hvað þeim þótti þurfa að koma fram varðandi ferðaþjónustuna á svæðinu. Svör viðmælenda voru punktuð niður og hreinrituð strax að viðtali loknu. Við úrvinnslu var leitað að sameiginlegum áherslupunktum viðmælenda og hvort ákveðin þemu kæmu fram í viðtölum.

6 Greining og mat

Hér á eftir verða þær upplýsingar sem aflað var bornar saman við fræðilega umfjöllun. Leitast verður við að túlka þær og leggja mat á mikilvægi, sem og gerðar tillögur sem byggja á framangreindu. En fyrst verður byrjað á helstu niðurstöðum viðtala.

Við greiningu á viðtölum við viðmælendur kom í ljós að margir nefna sömu atriði sem styrkleika, veikleika og tækifæri í ferðaþjónustu á Skagaströnd og á vestanverðum Skaga. Hér að neðan er listað upp það helsta sem niðurstöður viðtala gáfu til kynna:

Styrkleikar í ferðaþjónustu:

- Kántrýið...
- Gönguleiðir (s.s. Spákonufell og Spákonufellshöfði)
- Náttúra á Skaga
- Kálfshamarsvík
- Sundlaugin
- Golfvöllurinn
- Veiðivötn á Skaga

Veikleikar í ferðaþjónustu:

- Svæðið og möguleikar þess ekki nógu vel kynnt
- Skortur á seljanlegri vöru, s.s. gistingu og afþreyingu
- Margir áhugaverðir staðir illa merktir
- Skortur á frumkvæði til framkvæmda
- Lítið samstarf milli ferðaþjónustuaðila

Tækifæri í ferðaþjónustu:

- Bátsferðir frá Skagaströnd, t.d. framhjá Króksbjargi og að Kálfshamarsvík
- Skipulagðar ferðir með leiðsögn um Skaga
- Sjóstangveiði
- Kántrýmúsiksenter - setur, sýning
- Veiði í vötnum á Skaga

Við þróun á vöruframboði fyrir ferðamenn er nauðsynlegt að hafa í huga hvað það er sem skiptir ferðamanninn mestu máli. Samkvæmt rannsóknum, (Poon, 2001, getið í Nordin 2005 og ETC, 2005, getið í Nordin 2005) eru það bæði afþreyingin sem er í boði og upplifun ferðamannsins sem virðast skipta meira máli en sjálf ferðavaran eða áfangastaðurinn. Afþreying og upplifun eiga því að vera aðalatriði þegar menn þróa viðkomustaði ferðamanna, s.s. gönguleið í Spákonufellshöfða, sem og ef áframhaldandi uppbygging mun eiga sér stað í Kálfshamarsvík.

Með það í huga hvað náttúruskoðun og gönguferðir eru afar vinsæl afþreying meðal bæði innlendra og erlendra ferðamanna (Samgönguráðuneytið, 2005 og Ferðamálaráð, 2004) ætti að halda áfram með þá vinnu sem þegar er vel á veg komin við gönguleiðar-þríhyrninginn milli Blönduóss, Sauðárkróks og Skagastrandar. Þörf er á að ganga leiðirnar og bæta við stikum, en síðasti óstikaði leggurinn nær úr Kálfárdal og niður á Sauðárkrók, þar sem endamerking verður við skilti og kort á Kirkjutorgi. Mun það væntanlega vekja eftirtekt og hugsanlega áhuga á að ganga leiðirnar (Þorsteinn Broddason, símaviðtal, 23. apríl 2007). Samskonar merking í miðbæ Skagastrandar gæti vakið athygli og áhuga ferðamanna á að ganga leiðirnar. Samhliða þessu ætti að endurnýja tengsl við ferðafélagið Útivist og kanna hvort enn sé áhugi fyrir þessum leiðum, eins og komið hafði fram í skýrslu (Baldur Valgeirsson, án ártals), en aðal verkefnið er byrja að markaðssetja gönguleiðirnar fyrir ferðamenn (Þorsteinn Broddason, símaviðtal, 23. apríl 2007).

Þegar skoðaðar voru og bornar saman heimildir um áhugaverða staði á vestanverðum Skaga koma oft upp sömu staðirnir: Kálfhamarsvík (á náttúruminjaskrá), Spákonufell, Spákonufellshöfði (friðlýstur fólkvangur), Selvíkurtangi og Króksbjarg. Sjaldnar er minnst á aðra staði, s.s. Rífsnes og Ásbúðarvatn, sem eru á Náttúruminjaskrá (Umhverfisstofnun, án ártals). Á Rífsnesi eru merkilegar menningarminjar um gamlar verbúðir, allt upp í 65 búðir, sem og sjávarbjörg og lón, tjarnir og jökulminjar frá ísaldartíma. Þarna eru möguleikar á að gera áfangastað, en vegurinn þangað niðureftir er jeppaslóði og þolir illa mikinn troðning; yrði fljótlega svað. Ferðaþjónustubændur í Höfnum á Skaga hafa þó hug á að gera meira með þetta svæði síðar. Sumarhús með heitum potti er í Höfnum og þar er mikil kyrrð og náttúrufegurð og ekkert gsm-samband

sem truflar frið ferðamanna. Framtíðarhugmyndir eru um gerð tjaldsvæðis, þarna er mikill reki á fjörum, og hefur staðurinn margt til þess að bera til að geta orðið fjölskylduvænn áfangastaður (Helga Ingimarsdóttir, símaviðtal, 22. apríl 2007).

Fyrir lítið bæjarfélag með fá og smá ferðaþjónustufyrirtæki gæti verið styrkur í að taka til skoðunar hugmyndafræði þá sem kemur fram (bls. 12) í riti Landverndar (Jón Jól Einarsson, 2006) og hefur verið minnst á hér að framan, þar sem bent á hvernig hægt er að auka hlutverk heimamanna; fá þá til að taka taka höndum saman í því að gera bæinn sinn aðlaðandi sem áfangastað fyrir ferðamenn. Viðtöl höfundar benda til þess að margir heimamenn séu fróðir um náttúru, menningu og sögu síns svæðis, bæði á Skagaströnd, sem og í nærsveitum. Miðað við góða þátttöku bæjarbúa í undirbúningi Kántrýdaga 2006 (Magnús B. Jónsson, viðtal, 13. apríl 2007) þá gæti vel verið mögulegt, með markvissum aðferðum og hvatningu, að mynda hóp gestrisinna og fróðra heimamanna sem haft gætu tekjur af því að kynna menningu, sögu og náttúru fyrir ferðamönnum. Ef þetta reynist framkvæmanlegt er möguleiki að byggja upp tilboð í ferðaþjónustu, með minni tilkostnaði og á árangursríkari hátt en ferðaþjónustufyrirtækin ein og sér geta staðið fyrir, auk þess sem samfélagsviðmót af þessu tagi hlyti að teljast ákveðin sérstaða í ferðaþjónustu. Takist vel til geta áhrif slíks átaks einnig skilað sér í bættri almennri samfélagsþátttöku og jákvæðri sjálfsmynd íbúanna (Byggðastofnun, 2001).

Nauðsynlegt er fyrir sveitarfélagið Höfðahrepp að endurskoða hlutverk heimasíðu sinnar, með tilliti til betri kynningar á Skagaströnd og þeirri þjónustu og afþreyingu sem þar er í boði. Vinna stendur nú yfir við endurskoðun heimasíðunnar, með hliðsjón af þörfum í sveitarfélagsmálum (Magnús B. Jónsson, viðtal, 13. apríl 2007). Einnig ætti sveitarfélagið að gera áætlun um þýðingu kynningarefnis á ensku og þýsku og nota heimasíðuna til að koma því á framfæri, en komið hefur fram í viðtölum að það þurfi að kynna svæðið betur (Dagný Sigmarsdóttir, símaviðtal, 22. apríl 2007) og að mönnum finnist öll markaðssetning vera erfið og dýr (Sigrún Lárusdóttir, símaviðtal, 22. apríl 2007).

Við þróun og uppbyggingu Skagastrandar sem áfangastaðar fyrir ferðamenn ætti að horfa til þess sem þegar hefur komið fram, þ.e. samspils líkama, sálar og útvíkkun menningarlegs sjóndeildarhrings, með því að tengja saman útivist, t.d. gönguferð, við

upplifun á menningu – innsýn í heim sem “var” - fortíðar á sjávarkambinum, líf fólksins í hinu forna útgerðar- og verslunarsamfélagi. Hafa þarf í huga að menningin er ekki vara í sjálfu sér (Robinson & Novelli, 2005), heldur þarf að útfæra hana þannig að úr verði vara þar sem samspil náttúru, menningar í fortíð eða nútíð, eru notuð til að skapa hughrif (Samgönguráðuneytið, 2005). Náttúran er þannig umgjörðin, menningin innihaldið, en saman þarf þetta að mynda vöru sem veitir upplifun og sem eftirspurn er eftir.

Þótt ímynd Skagastrandar sem “kántrýbæjar” virðist sterk og að um hana sé nokkuð almenn samfélagssátt í bænum, þá er spurning hve lengi slík ímynd getur lifað án þess að áframhaldandi uppbygging á þessu sviði eigi sér stað. Í kringum Kántrýhátíðir fyrr á árum var útbúið mikið og gott kynningarefni um Skagaströnd og nágrenni sem dreift var til ferðamanna. Síðasta Kántrýhátíð var haldin árið 2002 og því líkur á því að áhrif þess kynningarstarfs séu farin að fjara út. Spurningin er því hvernig hægt sé að fylgja því eftir (Magnús B. Jónsson, viðtal, 13. apríl 2007). Eins og komið hefur fram þá byggðist þessi sérstaka ímynd “kántrýs” upp í kringum einn mann, Hallbjörn Hjartarson. Raunveruleikinn í dag gæti verið sá að skjálftamiðja þessar sérstöðu sé of lítil, að það hafi hægst svo á hinum leiðandi boðbera kántrýsins að þessi menningarkimi (e. subculture) sé deyjandi á Skagaströnd (Blask, 2006). Engin rannsókn hefur verið gerð á viðhorfum útlendinga til “kántrýs” á Skagaströnd, en í grein í *Atlantica* lýsir blaðamaður sinni skoðun (bls.66) í þessu máli á þann veg að Ísland, með sitt lausagöngu búfé og sögulegri hefð fyrir hestamennsku, virðist ákjósanlegt fyrir kántrýtónlist (Blask, 2006). Á það hefur verið bent að það sem sé raunverulegt og virki í hugum heimamanna, það virki einnig vel fyrir ferðamenn og gesti (Haukur Suska-Garðarson, símaviðtal 13. apríl 2007).

Fá sjávarpláss á Íslandi eiga jafn sterka ímynd og Skagaströnd á í kántrýinu. Þess vegna væri full ástæða til að byggja meira upp í kringum það og nýta þau verðmæti sem þegar hafa skapast. Allt frá níunda áratugnum hafa verið uppi ólíkar hugmyndir um uppbyggingu einhverskonar kúrekaþorps, eða “kántrýgarðs”. Sumar þeirra innihéldu pósthús, banka, knæpur og rafmagnsjárnbrautarlest (Bjarni Guðmarsson, 1989) og aðrar voru enn meira stórhuga, með veiðitjörnum og fjölda sumarhúsa (Kántrýbær, án ártals).

Einnig hafa verið uppi hugmyndir um að setja upp varanlega sýningu, nokkurskonar kántrýtónlistarsetur, þar sem áherslan væri á kántrýtónlist og -tónlistarmenn; básar með

“stóru” nöfnunum í kántrýheiminum og sérstökum hluta sem fjallaði um Hallbjörn (Magnús B. Jónsson, viðtal, 13. apríl 2007). Það vantar tilfinnanlega eitthvað til að halda ferðamönnum á staðnum (Sigrún Lárusdóttir, símaviðtal, 22. apríl 2007), einhvern fastan punkt, setur eða safn, fyrir ferðamenn að skoða (Dagný Sigmarsdóttir, símaviðtal, 22. apríl 2007). Svona “kántrýtónlistarsenter” þarf að ná að skapa alvöru stemningu og upplifun tengt þessu þema, þannig að úr verði söluvara. Verkefnið er þess eðlis að það ætti að vera hægt að ná í opinbert fjármagn til uppbyggingarinnar (Haukur Suska-Garðarsson, símaviðtal, 13. apríl 2007). Nauðsynlegt er að gera stefnumótun, greina valkostina og ákveða áherslurnar (Elías B. Gíslason, viðtal, 27. mars 2007). Niðurstaða um framhald kántrýmenningar og uppbyggingu henni tengdri á Skagaströnd fæst ekki nema menn móti sér stefnu og byrji markvisst að stíga skrefin sem þarf að taka, en það væri mikil eftirsjá að því að þessi menning glataðist, eins og möguleiki er á að gerist eftir dag Hallbjörns (Magnús B. Jónsson, viðtal, 13. apríl 2007). Það sem kannski er helst þörf á við frekari uppbyggingu á slíku setri er að drífandi markaðssinnaður frumkvöðull komi að því verki (Haukur Suska-Garðarsson, símaviðtal, 13. apríl 2007).

Skagstrendingar þurfa að leiða hugann að því sem skiptir ferðamanninn máli, s.s. vaxandi eftirspurn eftir tengslum við menningu samfélaga, forna og nýja, nálægð við náttúru þar sem hægt er að öðlast hugarró, vellíðan o.fl., sem “borgarbörnum” nútímans þykja eftirsóknarverð (ETC/ETAC, 2003; getið í Nordin, 2005). Þær auðlindir sem víða er að finna í náttúru, menningu og sögu á vestanverðum Skaga er hægt að nýta betur. Það sem helst háir Skagstrendingum í dag er hve veik ferðaþjónustan er, m.t.t. tilbúinnar söluvöru. Þó styrkleiki sé í fallegu og góðu tjaldsvæði, þá eru það veikleikar hvað gistirými er lítið, skortur á afþreyingu, ekkert safn eða sýning, og óstöðug veitingasala (Haukur Suska-Garðarsson, símaviðtal, 13. apríl 2007).

Þörf er á því að rannsaka betur ýmsar minjar sem nýst gætu í ferðaþjónustu, en þar er hægt að nefna friðlýstar goðatóftir að Hofi, sem og miðaldabyggð að “fjallabaki”, þ.e. í dölum ofan við Hof. Elstu heimildir í Íslendingasögum greina frá goða sem bjó á Hofi, og svo er kirkjan á staðnum sú elsta í Húnaþingi. Rannsókn verður gerð á goðatóftum sumarið 2007 og þarf að fylgjast með niðurstöðum úr þeim og skoða hvort þær bjóði upp á úrvinnslu fyrir áfangastað í ferðaþjónustu. Byggðin að fjallabaki hefur hinsvegar ekkert verið rannsökuð, en þar er sýnileiki náttúru- og menningarlandslags góður (Þór Hjaltalín,

símaviðtal, 12. apríl 2007). Búsetulandslag í eyðidölum væri hægt að tengja við göngu- eða hestaferðir. Fyrir ofan Hof eru Steinnýjarsataðir, en þaðan og í kringum Fjallsöxlina er gönguleið sem lýst er á gönguleiðarkorti. Skoða mætti hvort útfæra ætti þá leið betur, með tengingu við byggðina að fjallabaki, þar sem gangan myndi hefjast á Hofi og tengjast við söguna sem þar er.

Þau tengsl menningar og náttúru sem er nærtækast fyrir Skagstrendinga að vinna með er í kringum Spákonufellshöfðann. Áður hefur verið lýst hluta þeirrar útgerðar- og verslunarsögu sem þar eru til heimildir um. Til er einfalt gönguleiðarkort fyrir ferðamenn sem fara um höfðann, en fengist hefur fjármagn til að vinna ýtarlegra og betra göngurkort, sem og að bæta gönguleiðina, en auk þessa eru Lionsmenn að setja þar upp hring sjá. Einnig er verið að leita að gamalli fallbyssu áþekkri þeirri sem skotið var af þegar kaupskip komu til forna, sem áætlað er að setja á upprunalegan stað í Höfðanum (Magnús B. Jónsson, viðtal, 13. apríl 2007).

Við skipulag og uppbyggingu áfangastaða þarf sérstaklega að huga að því hvar þolmörkin liggja, sem og að upplifun ferðamannsins verði ekki fyrir skaða vegna framkvæmda. Ef vel tekst til með uppbyggingu gönguleiðar og -korts um Spákonufellshöfða aukast líkur á fleiri ferðamönnum, sem kallar á skoðun á því hvort bæta þurfi aðra aðstöðu, t.d. bílastæði, hvort hætta sé á auknu traðki á viðkvæmum hluta gönguleiðar, hvernig brugðist verði við sorpi sem ferðamönnum fylgir, hvort þörf sé á salernisaðstöðu á staðnum o.s.frv. Horfa þarf heildrænt á framkvæmdir og afleiðingar þeirra, jákvæðar sem neikvæðar, og leitast við að stýra þróuninni þannig að upplifun ferðamannsins skerðist ekki vegna framkvæmdanna.

Uppbygging hefur átt sér stað í Kálfshamarsvík, með merkingum og aðstöðu fyrir ferðamenn. Þar eru ágætir möguleikar til fuglaskoðunar, byggðaminjar með ápreifanlega sögu og náttúrufyrirbæri sem hægt er að gera meira með, t.d. þróa þennan stað frekar með það í huga að hann gefi frekar af sér tekjur. Komið hafa upp hugmyndir um endurbyggingu á hluta húsarústa sem þar eru (Haukur Suska-Garðarsson, símaviðtal, 13. apríl 2007). Einn möguleikinn er að sigla með ferðamenn, t.d. frá Skagaströnd, framhjá Króksbjargi þar sem hægt væri að skoða fugl og foss, og út að vík (Magnús B. Jónsson, viðtal, 13. apríl 2007), þar sem ferðamönnum væri gefinn kostur á að stíga inn í söguna,

koma að landi á árabát upp í fjöru, eins og sjómenn þar gerðu fyrir um eitt hundrað árum síðan. Þarna væri verið að byggja á einni af meginstöðunum: Sterkri sérstöðu innan svæðisins (Samgönguráðuneyti, 2003) og Skagaströnd gæti markaðssett sig sem upphafspunkt skoðunarferðar og boðið upp á gistingu eða aðra þjónustu að ferð lokinni (Byggðastofnun, 2001), en vöruframboð af þessu tagi er einmitt það sem Skagstrendinga vantar tilfinnanlega í dag (Haukur Suska-Garðarsson, símaviðtal, 13. apríl 2007).

Talað hefur verið um mikilvægi samstarfs út frá hagkvæmni- og arðsemissjónarmiðum, og hversu mikilvægt er að virk samvinna sé milli ferðaþjónustuaðila, fyrirtækja og sveitarfélags, sérstaklega á smærri stöðum. Þetta er ekki síst mikilvægt til að menn séu samstíga í aðgerðum, t.d. í markaðssetningu, þannig að allir séu að nýta krafta sína sem best og stefni að sama marki (Samgönguráðuneyti, 2003). Svo virðist sem mikið skorti á samstarf meðal ferðaþjónustuaðila, bæði á Skaga (Helga Ingimarsdóttir, símaviðtal, 22. apríl 2007) og á Skagaströnd (Guðrún Magnúsdóttir, viðtal, 13. apríl 2007). Ætla mætti að rekstraraðilar sem sjá sér hag í að vinna saman, út frá hagkvæmni og arðsemi, leituðust eftir að framkvæma í þessum farvegi. Sumra mat er þó að þetta sé ekki nóg, og oftast en ekki ráði félagslegir þættir ákvörðunum um samstarf; það að mönnum líki það vel við hvern annan. Þetta gæti þýtt að sérstaklega þurfi að byggja upp traust og hvetja til samstarfs, en það gæti verið hlutverk sveitarstjórnar, jafnvel með aðstoð utanaðkomandi aðila (Elías B. Gíslason, viðtal, 27. mars, 2007).

Einn möguleiki Skagstrendinga í framboði á afþreyingu fyrir ferðamenn er að bjóða upp á sjóstangveiði og tengsl við mannlíf á höfn (Sigrún Lárusdóttir, símaviðtal, 22. apríl 2007), bæði sjómennsku og fiskvinnslu, en víða á Vestfjörðum er verið að vinna markvisst með þessa hluti, s.s. á Suðureyri (Sjávarþorpið Suðureyri, án ártals). Tækifæri felast í því að kynna lífið við höfnina og sjóinn fyrir stórborgarbúum og hægt er að tengja þetta við veiði, vinnslu og veitingar. Þeir sem best henta í svona þjónustu eru heimamenn sem til þekkja, en þeir eru víða vannýtt auðlind (Byggðastofnun, 2001). Hægt er að sækja stuðning við þróun og uppbyggingu slíks verkefnis, t.d. til Impru Nýsköpunarmiðstöðvar (Sigurður Steingrímsson, 2007).

Vannýttir möguleikar eru til fuglaskoðunar á vestanverðum Skaga, þar sem auðvelt er að nálgast margar eftirsóttar tegundir. Talning á himbrima hefur farið fram og er gríðarmikið

af honum á svæðinu (Þorsteinn Sæmundsson, símaviðtal, 22. apríl 2007). Þetta höfðar sérstaklega til útlendinga, sem finnst upplifun að fá að skoða æðarbúskap og varp (Sigrún Lárusdóttir, símaviðtal, 22. apríl 2007). Í Höfnum hefur verið komið upp útsýnispalli ofan við æðavarp, og mun verða komið þar kiki sumarið 2007 fyrir fuglaáhugamenn. Skilti með örnefnum og upplýsingum verður við pallinn (Helga Ingimarsdóttir, símaviðtal 22. apríl 2007). Leita þarf eftir samstarfi við Náttúrustofu Norðurlands vestra og fleiri, til að byggja frekar upp þessa afþreyingu fyrir ferðamenn. Þátttaka í samstarfsverkefnum, s.s. Strandmenningarverkefninu NORCE, veitir möguleika á fjármagni í verkefni af þessum toga (Helga Ingimarsdóttir, símaviðtal 22. apríl 2007).

Sund er mikið stunduð afþreying, sérstaklega af innlendum ferðamönnum (Ferðamálaráð, 2003). Þó svo að sundlaug á Skagaströnd sé lítil þá hefur hún náð að skapa sér ákveðna sérstöðu, ekki síður meðal erlendra ferðamanna en Íslendinga, en margir þeirra minnst á hvað þeim þótti sérstakt og eftirminnilegt þegar þeim var þjónað með kaffi í heita pottinn (Gígja Óskarsdóttir, símaviðtal, 17. apríl 2007). Lengi hefur staðið til að byggð yrði ný sundlaug, en beðið er eftir niðurstöðum um hvort Skagstrendingum berst hitaveituvatn á næstunni (Magnús B. Jónsson, viðtal, 13. apríl 2007). Það má reikna með fleiri íslenskum fjöldskyldum til Skagastrandar þegar ný laug verður komin, en að sumra mati er bygging nýrrar laugar stærsta átakið sem hægt væri að gera til að bæta þjónustu við ferðamenn á Skagaströnd (Gígja Óskarsdóttir, símaviðtal, 17. apríl 2007).

Það er margt sem bendir til þess að hægt sé að fá fleiri ferðamenn í golf til Skagastrandar. Völlurinn þar, Hágerðisvöllur, er í mishæðóttu landslagi með klettum, sem skapar skemmtilega vallarmynd. Vaxandi almennur golfáhugi hefur skapað erfiðleika með aðgengi að völlum í nágrenni höfuðborgarsvæðisins (Dagný Sigmarsdóttir, símaviðtal, 22. apríl 2007). Nýverið var haldin ráðstefna um golf og ferðaþjónstu, þar sem skoðað var hversu mikilvægt golfið er fyrir ferðaþjónustuna og hvernig ætti að kynna íþróttina fyrir innlendum jafnt sem erlendum ferðamönnum. Vert er fyrir Skagstrendinga að fylgjast með á þessum vettvangi. Sumir hafa talað um Hágerðisvöll sem eitt best varðveitt leyndarmál í íslensku golfi. Markaðssetning 2006 og 2007 hefur verið í samstarfi við aðra norðlenska golfvelli og er kynningarefni dreift í Kaupmannahafnarflugi til Akureyrar (Dagný Sigmarsdóttir, símaviðtal, 22. apríl 2007).

Uppbygging á veiði sem afþreyingu fyrir ferðamenn, t.d. í vötnum á Skaga, gæti kallað á fjárfreka uppbyggingu á veiðihúsum og annarri aðstöðu (Landssamband veiðifélaga, 2006). Óvíst er hver sé fýsileiki til slíkrar uppbyggingar á vegum landeigenda eða ferðaþjónustu á svæðinu, nema til komi samstarf við fjársterka aðila. Möguleikar eru til staðar og líta ætti á þetta sem lengri tíma verkefni, en þar sem skipuleg starfsemi er á sölu veiðileyfa er þónokkuð að gera (Helga Ingimarsdóttir, símaviðtal, 22. apríl 2007).

Leita þarf allra leiða til að ná athygli hluta þeirra tugþúsunda ferðamanna sem streyma viðstöðulítið akandi í gegnum Húnavatnssýslur, framhjá afleggjara til Skagastrandar. Eins ætti vaxandi umferð um Þverárfjall, um 350 bílar að meðaltali á dag yfir sumarið (Vegagerðin, 2006) að geta verið tækifæri sem menn ættu að nýta betur til að ná til ferðamanna sem þar fara um (Sigrún Lárusdóttir, símaviðtal, 22. apríl 2007). Hvernig þetta er best útfært, með skiltum eða öðrum merkingum, er ekki grundvöllur til að meta út frá niðurstöðum viðtala.

Hlutverk sveitarfélagsins er allnokkuð í rekstri á þjónustu sem ferðamenn geta nýtt sér, en þeir sjá um sundlaugina, félagshemilið Fellsborg, tjaldsvæðið, sparkvöllinn, gistingu í skíðaskála og íþróttaaðstöðu. Sveitarfélagið kemur einnig mikið að gerð og fjármögnun á kynningarefni, bæði prentuðu og til birtingar í útvarpi. Síðastliðið sumar voru með ágætum árangri keyrðar stuttar útvarpsauglýsingar, með jákvæðum boðskap sem tengdur var við ferðaþjónustuna, t.d. “Hamborgarar í Kántrýbæ, í friðsælu og fallegu umhverfi á Skagaströnd”. Þetta var unnið í samstarfi við ferðaþjónustuaðila, en kostað af sveitarfélaginu (Magnús B. Jónsson, viðtal, 13. apríl 2007). Hafa þarf í huga mikilvægi þess að þekkja huga sinna viðskiptavina (Samgönguráðuneytið, 2005) og í því sambandi er hægt að nýta bæði fyrirbyggjandi gögn og afla nýrra. Spurningakönnun sem unnin yrði í samstarfi við fagaðila og framkvæmd af ferðaþjónustunni á svæðinu gæti hjálpað til við að afla gagna sem styddu við mótun framtíðarstefnu sem byggði á raunverulegri eftirspurn. Niðurstöður gætu orðið til þess að ná meiri árangri í uppbyggingu í ferðaþjónustu og að betri nýting yrði á fjármunum við gerð kynningarefnis og við markaðssetningu, en þetta eru nauðsynleg grunngögn fyrir vinnu við stefnumótun fyrir ferðaþjónustu á svæðinu, þar sem gera þarf greiningu og meta þá valkosti sem leggja á áherslu á (Elías B. Gíslason, viðtal, 27. mars 2007).

Bæta þarf merkingar við áhugaverða staði á Skaga, en þeim er víða ábótavant (Helga Ingimarsdóttir, símaviðtal, 22. apríl 2007). Þetta þyrfti að vinnast í samvinnu Vegagerðarinnar, Höfðahrepps og Skagabyggðar, með aðkomu ferðaþjónustuaðila á svæðinu.

Komið hefur fram að þörf væri á ferðum með leiðsögn um Skaga (Sigrún Lárusdóttir, símaviðtal, 22. apríl 2007) og að Skagstrendinga skorti tilfinnanlega eitthvað til að selja ferðamönnum (Haukur Suska-Garðarson, símaviðtal, 13. apríl 2007). Gestrisnir og fróðir heimamenn eru vannýtt auðlind í ferðaþjónustu og talað er um að auka þurfi efnahagslegan ávinning heimamanna af auknu streymi ferðamanna (Byggðastofnun, 2001). Því er lagt til að þróað verði og byggt upp, í samvinnu við sérfræðinga í leiðsögn, Hólaskóla eða aðra fagaðila, teymi heimamanna sem bjóða ferðamönnum upp á “leiðsögn”, þar sem ferðamenn á eigin vegum, í eigin bíl eða bílaleigubíl, geta fengið heimamann með sér í allt að dagsferð, svipað því sem ferðaþjónusta á Hawaii og víðar kallar “Rent-a-local” og nýtur vaxandi vinsælda (Hawaiiiguide, án ártals). Mikilvægt er þó að leggja áherslu á að þarna sé ekki ætlunin að fara inn á verksvið menntaðra leiðsögumanna, heldur bjóða upp á tengsl við náttúru og menningu, í gegnum heimamenn.

Ætla má að eftirspurn geti verið eftir svona þjónustu, því þarna er komið til móts við þarfir markaðarins um minni fjöldaferðamennsku og aukin tengsl við menningu samfélaga sem eru heimsótt (ETC/ETAG, 2003; getið í Nordin, 2005). Að hafa tekjur af svona “leiðsögn”, styrkir sjálfsmynd íbúanna, sem þarna myndu auka skilning sinn á, og ná að hagnýta, eigin menningarverðmæti (Byggðastofnun, 2001). Valkostir eru ótal margir á vestanverðum Skaga, s.s. gönguferðir um Spákonufellshöfða eða Spákonufell, ferð norður Skaga með viðkomu á völdum stöðum; ferð í veiði í sjó, á eða vatni, fugla- eða selaskoðun, þar sem náttúra, dýralíf, menning samfélags og saga áfangastaðar er fléttuð saman, en allt þetta er t.d. að finna í Kálfshamarsvík. Svona ferðir taka einnig mið af umhverfissjónarmiðum, þar sem hægt er að fara með fámenna hópa á staði sem ekki eru gefnir upp í bæklingum, vegna þess að þeir eru viðkvæmir fyrir ágangi. Þar með má segja að uppfyllt séu öll skilyrði sjálfbærrar ferðaþjónustu: Samfélags- umhverfis- og efnahagsleg!

7 Niðurstöður

Það þykir sýnt að margt af því sem er að finna í náttúru þessa svæðis, jarðfræði, dýralífi og menningarminjum, hefur ekki verið skoðað nægilega með tilliti til nýtingar í ferðaþjónustu. Margt er þó ágætlega skjalfest og er víða að finna heimildir sem má nota sem grunn gögn við mat á fýsileika og þróun viðkomandi fyrirbæris sem vöru fyrir ferðamenn. Einnig vantar að skoða mögulegar tengingar milli áhugaverðra staða og hvort hægt er að búa til ferðaheild; tengja staði og sögur saman t.d. í dagsferð eða styttri gönguferð.

Skoðun á þeim menningararfi sem Skagstrendingar eiga í sínu nágrenni leiðir í ljós að margar sagnir eru nýtanlegar til að nota í þróun ferðavöru. Þær eru í dag margar vel faldar fyrir ferðamönnum og þær þarfnast þess að vera settar í búning svo hægt sé að segja sögu. Velja þarf hvaða sögur eru sagðar, hvernig, og hver segir, auk þess sem tengingar við náttúrulegt umhverfi þurfa að vera raunhæfar og aðgengilegar.

Möguleg verkefni og uppbygging í ferðaþjónustu

- Kynning og þróun gönguleiða með leiðsögn.
- Nýta sjó, veiði og vinnslu með Suðureyrarverkefnið sem fyrirmynd.
- Vinna stefnumótun í ferðaþjónustu með þátttöku sem flestra hlutaðeigandi.
- Taka ákvörðun og setja sér markmið um “kántrýið” og uppbyggingu á sýningu eða tónlistarsetri.
- Leita að möguleikum hvernig tengja megi verslunar- og útgerðasögu, náttúru og menningarminjar.
- Koma á fót hópi fróðra og gestrisinna heimamanna sem hafa tekjur af því að “leiðsegja” ferðamönnum.
- Gera áætlun um merkingar fyrir ferðamenn, bæði innanbæjar og á Skaga.
- Leita leiða til að hafa tekjur af uppbyggingu á sérstöðu í Kálffhamarsvík

Þó ekki hafi verið talað mikið um það í úrvinnslu, þá hefur verið á það bent að þau tvö sveitarfélög sem eru á svæðinu ættu að kanna hvort aukið samstarf gæti styrkt

sameiginlega hagsmuni í ákveðnum málum, atvinnulífi, ferðaþjónustu og mannlífi á svæðinu til góða.

Innviðir ferðaþjónustu á svæðinu er ekki sterkir, það er fátt í boði, gistirými er lítið og fátt um seljanlega vöru (Haukur Suska-Garðarson, símaviðtal, 13. apríl 2007) og þó nóg sé af áhugaverðum stöðum og menningu sem hægt er að vinna úr og nýta í ferðaþjónustu, vantar talsvert á markvissa uppbyggingu við nýtingu tækifæra. Helstu vandamál við uppbyggingu á ferðaþjónustu á Skagaströnd gætu verið veikburða fyrirtæki, skortur á frumkvöðlakrafti og heildarsýn til lengri tíma, þó trúlega sé stærsta vandamálið að draga fleiri ferðamenn til bæjarins.

Mikilvægt er að allir hlutaðeigandi, ferðaþjónusta og sveitastjórnir, beiti sér gagnvart hinu opinbera í því að útvega fjármagn til uppbyggingar. Hægt er að benda á þætti í opinberum gögnum, um dreifingu ferðamanna um landið, um hlutfallslega yfirburði ferðaþjónustu á landinu og hvernig hún tengist beint aðgerðum um byggðastefnu (Ásgeir Jónsson o.fl., 2006). Einnig þarf að sækja í meira mæli í sjóði sem úthluta fjármagni til verkefna, sem og að aðstoða og hvetja ferðaþjónustuaðila á svæðinu til frumkvæðis í þessum efnum.

Það er ýmislegt sem bendir til þess að frekar sé hægt að selja erlendum ferðmönnum ferðir í náttúru og afþreyingu sem tengist henni, en að auðveldara væri að selja Íslendingum menningu og sögu á svæðinu, s.s. á Skagaströnd eða Kálfshamarsvík. Skoða þarf í hvaða tilfellum hægt er að flétta saman náttúruupplifun og sögutengingum, en þannig væri frekar hægt að þróa ferðavöru sem hentaði fleiri markhópum.

8 Lokaorð

Helstu annamarkar þessarar skýrslu snúa að víðfeðmi viðfangsefnisins, hve stórt verkefni það er að gera úttækt á stöðu ferðaþjónustu á svæðinu, benda á tækifæri til uppbyggingar og leiðir til úrbóta á mörgum sviðum, sem aukið geta aðdráttarafl staðarins fyrir ferðamenn. Auðvitað hefði mátt afmarka viðfangsefnið þrengra; segja sem svo að höfundur hefði átt að sníða sér betur stakk eftir vexti miðað við þann vinnutíma sem áætlaður er í sex eininga lokaritgerð. Slík athugasemd á fyllilega rétt á sér og þessu velti höfundur fyrir sér nokkrum sinnum á vinnuferlinu, en komst ávallt að þeirri niðurstöðu að gagnlegra væri fyrir sveitarfélag og ferðaþjónustuaðila að fá sem yfirgripsmesta úttækt, sem næði til sem flestra þátta er snúa að uppbyggingu áfangastaða á ferðaþjónustusvæðinu á vestanverðum Skaga.

Þó lagt hafi verið til að markvisst yrði unnið að því að fjölga þeim heimamönnum sem hefðu tekjur af því að kynna svæðið fyrir ferðamönnum, er sú tillaga háð þeim annmörkum að ekki var skoðað í rannsókninni hve góð tungumálakunnátta heimamanna væri til að takast á við slíkt verkefni, né heldur hvort vilji er til slíkra starfa.

Vísbendingar eru um að það sé að vissu leyti farið að fjara undan “kántrýinu”, hvað snertir athygli fyrri tíma og áhrif kynningarefnis, sem og dvínandi kraft í kringum rekstur Kántrýbæjar, útvarpsins og “kúrekann” sjálfan. Þessar vísbendingar eiga menn að taka alvarlega með því að hleypa krafti í umræðu um áframhald; vilja menn halda í þessari ímynd og gera sér mat (les: tekjur) úr henni? Framkvæmda er þörf, því tækifærið bíður ekki að eilífu!

Sú rannsóknaraðferð sem hér er notuð hefur lítið sem ekkert alhæfingargildi, niðurstöður hennar gefa eingöngu vísbendingar sem hægt er nota til að vinna með áfram, sýnist mönnum svo. Það er hinsvegar von höfundar að skrifin hér að framan geti byggt ákveðinn grunn undir frekari vinnu við stefnumótun og val á kostum og aðferðum sem ferðaþjónustu á vestanverðum Skaga standa til boða.

9 Heimildaskrá

Anna Dóra Sæþórsdóttir, Guðrún Gísladóttir, Arnar Már Ólafsson, Björn Margeir Sigurjónsson og Bergþóra Árnadóttir (2003). *Polmörk ferðamennsku í friðlandi á Lónsöræfum*. Reykjavík: Ferðamálaráð.

Ásgeir Jónsson, Njáll Trausti Friðbertsson og Þórhallur Ásbjörnsson (2006). *Hagræn áhrif ferðaþjónustu - greint eftir svæðum á Íslandi*. Akureyri: Ferðamála­setur Íslands.

Baldur Valgeirsson (án ártals). *Uppbygging gönguleiðar, samvinnuverkefni milli Skagafjarðar, Blönduós og Skagastrandar*. Óútgefið: Iðnþróunarfélag Norðurlands vestra.

Berg, Bruce L. (2007) *Qualitative research methods for the social sciences*. 6. útg. Pearson Education, Inc

Bjarni Guðmarsson (1989). *Byggðin undir borginni – Saga Skagastrandar og Höfðahrepps*. Höfðahreppur.

Björn Th. Björnsson (2003). Lucindugarðinn á Spákonufelli. *Bautasteinn 1*(8), 12-14, Reykjavík: Kirkjugarðasamband Íslands.

Blask, Sara (2006). The Cowboy. *Atlantica – Icelandair's In-Flight Magazine 5* (62-66)

Brent Ritchie, J.R. & Crouch, G.I. (2003). *The competitive destination : a sustainable tourism perspective*. CABI Publishing. UK.

- Buhalis, Dimitrios & Deimezi, Ourania (2004). E-tourism developments in Greece: Information communication technologies adoption for the strategic management of the Greek tourism industry. *Tourism and Hospitality Research* 5(2), 103-130.
- Byggðastofnun (2001). *Byggðarlög í sókn og vörn – Svæðisbundin greining á styrk, veikleika, ógnunum og tækifærum byggðarlaga á Íslandi. 1. Sjávarbyggðir*. Ritstj. Dr. Bjarki Jóhannesson. Sauðárkrókur: Þróunarsvið Byggðastofnunar.
- ETC/ETAG (2003). *Trends for Tourism in Europe*. Brussel: ETC/ETAG. Getið í: Nordin, Sara (2005) *Tourism of Tomorrow - Travel Trends & Forces of Change*. Östersund: European Tourism Research Institute – Mittuniversitetet.
- ETC (2005). *Key Trends for 2005*. Getið í Nordin, Sara (2005) *Tourism of Tomorrow - Travel Trends & Forces of Change*. Östersund: European Tourism Research Institute – Mittuniversitetet.
- Ferðamálaráð Íslands (2002). *Auðlindin Ísland - Ferðaþjónustusvæði*. Ferðamálaráð: Reykjavík.
- Ferðamálaráð Íslands (2004). *Niðurstöður innanlandskönnunar 2003*. Reykjavík: Ferðamálaráð.
- Félagsmálaráðuneytið (2005). *Tillögur sameiningarnefndar, í styttri vefútgáfu*. Sótt 24. apríl 2007 á <http://www.felagsmalaraduneyti.is/tillogur/nr/1962>
- Guðrún Jónsdóttir (2005). *Svæðisskipulag fyrir Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016*. Reykjavík: Samvinnunefnd um svæðisskipulag Austur-Húnavatnssýslu
- Guðrún Þóra Gunnarsdóttir (2005). *Stöðumat – Ferðaþjónusta í Skagafirði*. Skagafjörður: Ferðamáladeild Hólaskóla.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands (2004). *Lax- og silungsveiði á Íslandi - Efnahagsleg áhrif*. Skýrsla nr.C04:04, unnin fyrir Landssamband veiðifélaga.

Hagstofa Íslands (2007). *Mannfjöldi eftir sveitarfélagi, kyni og aldri 31. desember 1997-2006*. Sótt 19. mars 2007, á
<http://www.hagstofan.is/?PageID=624&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN02001%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+sveitarf%2C+kyni+og+aldri+31%2E+deseember+1997%2D2006+%26path=../Database/mannfjoldi/Sveitarfelog/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>

Haukur Jóhannesson (2002). *Ágrip af jarðfræði Austur-Húnvatnssýslu*. Fylgiskjal með svæðisskipulagi Austur-Húnvatnssýslu 2004-2016. Óútgefið.

Hawaiiiguide (án ártals). *Maui sightseeing land tour – Rent a local*. Sótt 4. apríl 2007 á
<http://www.hawaiiiguide.com/tours/maui/rentloc.htm>

Höfðahreppur (án ártals). *Af sögu Skagastrandar*. Sótt 12. mars 2007 á
<http://www.skagastrond.is/sagan.asp>

Höfðahreppur (2) (án ártals). *Umhverfi*. Sótt 12. mars 2007 á
<http://www.skagastrond.is/umhverfi.asp>

Jón Jóel Einarsson (ritstj.) (2006). *ÍslandsGátt - Umhverfismennt - Leið í sjálfbærri ferðaþjónustu*. Reykjavík: Landvernd

Kántrýbær (án ártals). *Kántrýgarðurinn Skagaströnd*. Sótt 4. apríl 2007 á
<http://www.kantry.is/wildwestgarden.htm>

Kristinn Haukur Skarphéðinsson (2001). *Fuglalíf í Austur-Húnvatnssýslu, Drög!* Unnið fyrir Samvinnunefnd um svæðisskipulag Austur-Húnvatnssýslu. Reykjavík: Náttúrufræðistofnun Íslands.

Landssambandi veiðifélaga (2006). *Silungsveiði á Íslandi - vannýtt tækifæri.*(svo)

Naoi, Taketo (2004) Visitors' evaluation of a historical district: The roles of authenticity and manipulation. *Tourism and Hospitality Research*: London.. 5(1), 45-63

Nordin, Sara (2005) *Tourism of Tomorrow - Travel Trends & Forces of Change*. Östersund: European Tourism Research Institute – Mittuniversitetet.

Poon, A. (2001). The future of travel agents. *Travel & Tourism Analyst* 3, 57-80. Getið í: Nordin, Sara (2005) *Tourism of Tomorrow - Travel Trends & Forces of Change*. Östersund: European Tourism Research Institute – Mittuniversitetet.

Robinson, Mike & Novelli, Marina (2005) *Niche tourism: an introduction*. Niche tourism – contemporary issues, trends and cases. Oxford/Burlington: Elsevier Butterworth-Heinemann.

Samband íslenskra sveitarfélaga (2007). *Breyting á sveitarfélagaskipan á Íslandi frá 1950-2006*. (uppfært 08.12.06) Sótt 7. apríl 2007 á: <http://www.samband.is/template1.asp?Id=1876>

Samgönguráðuneytið (2003). *Íslensk ferðaþjónusta – Framtíðarsýn*. Reykjavík: Samgönguráðuneytið.

Samgönguráðuneytið (2005). *Ferðamálaáætlun 2006-2015*. Reykjavík: Samgönguráðuneytið.

Seaton, A.V. (1996). Destination marketing. In A.V. Seaton & M. M. Bennet (Eds.), *Marketing Tourism Products: Concepts, Issues, and Cases* (pp 350-376). Boston: International Thomson Business Press.

Sharpley, Richard & Julia (1997). *Rural Tourism: An introduction*. Oxford: International Thomson Business Press.

Sigurður Steingrímsson (2007). *Fyrirlestur um þjónustu Impru*. Hvatningar- og hugmyndaþing, Húnavellir, 24. mars 2007.

Sjávarþorpið Suðureyri (án ártals). *Forsíða*, sótt 21. apríl 2007 á <http://www.sudureyri.is/>

Timothy, J. Dallen og Boyd, Stephen W. (2003), *Heritage Tourism*. London: Pearson Education.

Tómas I. Olrich (2001) *Meningartengd ferðaþjónusta*. Reykjavík: Samgönguráðuneytið.

Umhverfisstofnun, *Friðlýst svæði og aðrar skráðar náttúruminjar á Norðurlandi vestra*, sótt 13. mars 2007 á: <http://www.ust.is/Natturuvernd/Natturuminjaskra/nr/298>)

Vegagerðin, umferðadeild (2006). *Umferð á þjóðvegum 2005*. Sótt 25. apríl 2007 á: [http://vgwww.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/umferd_thjod_2005_skyrsla/\\$file/Umfer%0%20%e1%20%fej%f3%f0vegum%202005.pdf](http://vgwww.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/umferd_thjod_2005_skyrsla/$file/Umfer%0%20%e1%20%fej%f3%f0vegum%202005.pdf)

Zeithaml, Valarie A; Bitner, Mary Jo & Gremler, Dwayne D. (2006). *Services marketing, Integrating customer focus across the firm*. 4th ed. Singapore: McGraw – Hill

10 Munnlegar heimildir

Dagný Sigmarsdóttir, formaður Golfklúbbs Skagastrandar og einn þriggja einstaklinga sem ráku Kaffi Viðvík (2004-2006) á Skagaströnd, *Ferðaþjónusta á Skagaströnd og nágrenni*, Símaviðtal 22. apríl 2007.

Elías B. Gíslason, forstöðumaður Upplýsinga- og þróunarsviðs Ferðamálastofu, *Möguleikar Skagastrandar og sjávarbyggða í ferðaþjónustu*, Viðtal 27. mars 2007.

Gígja Óskarsdóttir, fyrrverandi umsjónarkona tjaldsvæðisins á Skagaströnd, *Gestir á tjaldsvæði og ferðaþjónusta á Skagaströnd og nágrenni*, Símaviðtal 17. apríl 2007.

Guðrún Magnúsdóttir, rekstrarstjóri gistiheimilisins Dagsbrúnar á Skagaströnd, *Ferðaþjónusta á Skagaströnd og nágrenni*, Viðtal 13. apríl 2007.

Haukur Suska-Garðarson, atvinnuþróun, Samband sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, *Möguleikar Skagastrandar í ferðaþjónustu*, Símaviðtal 13. apríl 2007.

Helga Ingimarsdóttir, ferðaþjónustubóndi, Höfnum, Skagabyggð, *Ferðaþjónusta á utanverðum Skaga*, Símaviðtal 22. apríl 2007.

Magnús B. Jónsson, sveitarstjóri Höfðahrepps. *Ferðaþjónusta á Skagaströnd og aðkoma sveitarfélagsins í ferðaþjónustumálum*, Viðtöl 16. mars og 13. apríl 2007.

Sigrún Lárusdóttir, einn rekstraraðila 2004-2006 á Kaffi Viðvík á Skagaströnd. *Ferðaþjónusta á Skagaströnd og nágrenni*, Símaviðtal 22. apríl 2007.

Þorsteinn Broddason, framkvæmdastjóri Hátækniseturs Íslands, *Gönguleiðir milli Blönduóss, Sauðárkróks og Skagastrandar*, Símaviðtal 23. apríl 2007.

Þorsteinn Sæmundsson, forstöðumaður Náttúrustofu Norðurlands vestra, *Fuglskoðun á Skaga*, Símaviðtal 22. apríl 2007.

Þór Hjaltalín, minjavörður Norðurlands vestra, Fornleifavernd ríkisins, *Um menningar- og búsetuminjar á Skaga*, Símaviðtal 12. apríl 2007.

11 Viðauki 1 - Kort af Skaga



Kortagerð: Áskell Heiðar Áskelsson

Útgefandi: Hringur – Atvinnuþróunarfélag Skagafjarðar og Ferða- og markaðsmiðstöð Austur-Húnvatnssýslu.